PERSÓNU VERND

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd

Reykjavík, 1. október 2026
Tilvísun: 2026091490/E.B.

Efni: Umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga

Persónuvernd vísar til beiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá 17. september 2026 um umsögn um frumvarp til sveitarstjórnarlaga (þskj. 5, 5. mál á 158. löggjafarþingi).

Áform um frumvarpið voru birt í samráðsgátt stjórnvalda þann 13. maí 2025 (mál nr. S-88/2025) þar sem Persónuvernd skilaði umsögn hinn 19. júní s.á. Frá því Persónuvernd skilaði umsögn í samráðsgátt hefur það lagaákvæði, sem Persónuvernd gerði upphaflega athugasemd við, tekið breytingum. Persónuvernd vill þó enn árétta þær athugasemdir, sem hér koma á eftir, sem áður voru gerðar við áform frumvarpsins.

Í 30. gr. frumvarpsdraganna segir eftirfarandi:

> „Vegna starfa sinna í sveitarstjórn á sérhver sveitarstjórnarfulltrúi rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu sveitarfélags og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í sveitarstjórn.
>
> Sveitarstjórn skal í samþykkt um stjórn sveitarfélags mæla nánar fyrir um rétt sveitarstjórnarfulltrúa til að fá afhent afrit gagna sem falla undir 1. mgr. Við ákvörðun um afhendingu afrits gagna skal gæta jafnræðis milli sveitarstjórnarfulltrúa.
>
> Sveitarstjórnarfulltrúar skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt ákvæðum X. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.“

Persónuvernd ítrekar fyrri athugasemd um mikilvægi þess að skýrt sé kveðið á um hvernig fyrirkomulagi og framkvæmd aðgangs sveitarstjórnarfulltrúa að gögnum verði háttað í samþykkt um stjórn sveitarfélags.

Þá vekur Persónuvernd athygli á því að stofnunin gerði, með bréfi dags. 24. maí 2011, athugasemdir við 28. gr. frumvarpsins sem síðan varð að sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 (nú 30. gr. frumvarpsdraga). Þykir stofnuninni tilefni til að árétta og ítreka þær athugasemdir sínar, einkum með vísan til þess að í stjórnsýslu sveitarfélaga verða til upplýsingar um viðkvæm einkalífsatriði, einkum við framkvæmd laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og barnaverndarlaga nr. 80/2002, sem og við framkvæmd heilbrigðisþjónustu sem að nokkru leyti er rekin af sveitarfélögunum. Í ljósi eðlis umræddra upplýsinga gilda um þær sérstakar þagnarskyldureglur, sbr. meðal annars 60. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og 17. gr. laga nr. 34/2012 um

heilbrigðisstarfsmenn, sem og almenn þagnarskylda, sbr. 8. tölul. 1. mgr. 42. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Persónuvernd telur eðlilegt að fyrirvari við aðgangsrétt sveitarstjórnarmanna verði orðaður í sjálfu ákvæðinu sem hér um ræðir. Það mætti gera með því að bæta við það svohljóðandi málslið:

> *„Þessi réttur nær ekki til upplýsinga um viðkvæm einkamálefni einstaklinga sem trúnaður ríkir um samkvæmt ákvæðum um þagnarskyldu.“*

Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins.

Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,

Helga Sigríður Þórhallsdóttir Eleonora Bergþórsdóttir

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Eleonora Bergþórsdóttir
Dags. 1.10.2026 15:42:27
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Helga Sigríður Þórhallsdóttir
Dags. 1.10.2026 15:44:31
Ástæða: Undirritun